

FUNDARGERÐ

309. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, mánudaginn 23. maí 2022 kl. 15:00.

Mætt eru:

Gunnar Jónsson (GJ), Jónína Brynjólfsdóttir (JB), Skúli Björnsson (SB), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Ágústa Björnsdóttir (ÁB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: *Enginn*

Gunnar Jónsson, stýrði fundi.

Dagskrá

- 1 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – íbúafundur 16. maí s.l.
 - 2 Staða á verktakamarkaði á Austurlandi
 - 3 Jarðhitaleit í Eiðapínghá – samningsdrög við landeigendur
 - 4 Fráveita Djúpavogi
 - 5 Tilraunadæling á Búlandsnesi
 - 6 Hitaveita í Eiða
 - 7 Útafstandandi mál við stjórnarskipti
 - 8 Verkefnin
 - 9 Önnur mál
 - a. Hreinsistöð Melshorni
-

1 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – íbúafundur 16. maí s.l.

HEF og Múlaþing stóðu að kynningarfundum fyrir íbúa á Seyðisfirði 16. maí sl. Óli Metúsalemsson kynnti þar niðurstöður greiningarvinnu Eflu á kyndingarkostum á Seyðisfirði til framtíðar. Ýmsir kostir voru vegnir og metnir. Fyrirspurnir og ábendingar íbúa voru allnokkrar og gagnlegar umræður í kjölfarið, ábendingar og skýrsla hefur verið send sveitarstjóra Múlaþings.

2 Staða á verktakamarkaði á Austurlandi

Veitan hefur orðið áþreifanlega vör við mikla þenslu og takmarkað framboð þjónustu verktaka. Dæmi eru um að verktakar hafa horfið frá verkum sínum fyrirvaralaust og jafnvel með opna skurði nærri alfaraleiðum. Slíkt framferði er engum til framdráttar og hefur skaðað annars ágætt orðspor HEF veitna.

Framkvæmdastjóri bendir á að staðan á verktakamarkaði muni að líkindum hafa áhrif á framkvæmdaáætlun ársins og verður að teljast áhyggjuefni fyrir samfélagið.

3 Jarðhitaleit í Eiðapínghá – samningsdrög við landeigendur

Fyrir fundinum liggja drög HEF að samningi við landeigendur Mýness II og Breiðavaðs, en vísbendingar eru um að nýtanlega jarðhita sé að finna nærri landamerkjum jarðanna. Samningur við borverktaka til að bora fleiri hitastigulsholur bíður undirritunar. Borverktaki er væntanlegur á svæðið á næstu dögum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda landeigendum drög að samningi og vinna að framgangi hans.

4 Fráveita Djúpavogi

Matsskyldufyrirspurn er í lokafrágangi hjá Skipulagsstofnun. Ekki mun vera þörf á umhverfismati. Aðalskipulagsbreyting er í vinnslu hjá Múlaþingi.

Framkvæmdastjóra falið að huga að efniskaupum vegna verksins.

5 Tilraunadæling á Búlandsnesi

Tilraunadæling hófst í holu DPV-28 í síðustu viku. Reiknað er með að dælt verði í 3-6 vikur.

6 Hitaveita í Eiða

Unnið er nú að ítarlegra leiðavali fyrir lagnir og verður í framhaldi farið í samtal við landeigendur.

7 Útafstandandi mál við stjórnarskipti

Framkvæmdastjóra falið að taka saman lista um útistandandi verkefni félagsins til upplýsingar fyrir nýja stjórn. Stefnt verður að sameiginlegum fundi fráfarandi stjórnar og verðandi stjórnar sem er næsti stjórnarfundur.

8 Verkefnin

Fyrir fundinum lá listi verkefnisstjóra um yfirstandandi verkefni og verkefni í undirbúningi. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri eru á leið á vörusýningu í München til að kynna sér nýjungar í hreinsistöðvum fráveitu. Þeir munu koma við í Bergen, Noregi á heimleið og skoða nýbyggða hreinsistöð í Kvam Herad, austur af Bergen.

9 Önnur mál

a. Hreinsistöð Melshorni

Heimastjórn afgreiddi skipulag hreinsistöðvarlóðar á Melshorni til auglýsingar á fundi sínum 9. maí s.l. Viðbúið er að þessi hluti ferlisins muni taka um 6 vikur.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:04.

Fundargerð ritaði Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

